

Nd.

623. Frumvarp til laga

um eyðing á rottu.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir, sem gera ráðstafanir, einar sér eða með samvinnu sín á milli, til allsherjareyðingar rottu á tilteknu svæði eða svæðum, sem saman heyra með tilliti til rottugangs, mega vænta sér styrks úr ríkissjóði til þeirra ráðstafana eftir nánari ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Umsókn um styrk til rottueyðingar samkvæmt 1. gr. skal fylgja ýtarleg skýrsla um rottugang og hvað eina, er rottugang varðar á fyrirhuguðu eyðingarsvæði, er nákvæmlega sé tiltekið, svo og hverjar almennar ráðstafanir hafi verið gerðar til að hefta tímgun rottu á svæðinu, enn fremur greinargerð um annan undirbúning og fyrirhugaða tilhögun eyðingarinnar ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun.

Þá er ráðherra hefur fallizt á nauðsyn slíkrar rottueyðingar og metið hana hæfilega undirbúna svo og staðfest fyrirhugaða tilhögun eyðingarinnar, úrskurðar hann styrkhæðina, sem nema má allt að $\frac{2}{5}$ áætlaðs kostnaðar.

3. gr.

Bæjar- eða sveitarstjórnir, sem hlotið hafa styrk til rottueyðingar samkvæmt 1. og 2. gr., geta ekki væntzt slíks styrks á ný fyrr en í fyrsta lagi að fullum þrem árum liðnum og þá því aðeins, að þær hafi gert sér allt far um að halda við árangri eyðingarinnar með reglubundnum eyðingaraðgerðum eftir reglum, er þær setja sér, en ráðherra staðfestir.

4. gr.

Til eyðingar rottu má aðeins nota þær eiturtegundir, sem hættulausar eru mönnum og óskaðlegar skepnum, sem þyngri eru en eitt kílógramm. Þó getur ráðherra leyft notkun sterkari eiturtegunda þar, sem rottugangur er mjög mikill eða erfiður viðfangs, svo sem í skipum, sorphaugum og á afgirtum geymslusvæðum. Slíkar undanþágur heimilar ráðherra samkvæmt sérstökum umsóknum, að svo miklu leyti sem ekki verður kveðið á um þær í reglugerðum samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Nú skerst bæjar- eða sveitarfélag úr leik um eðlilega samvinnu um rottueyðing samkvæmt 1. gr., og getur þá ráðherra úrskurðað það til þátttökunnar. Ef hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag vanrækir framkvæmd rottueyðingar samkvæmt samningi eða úrskurði ráðherra, er ráðherra heimilt að skipa menn til að annast framkvæmdirnar og þá að öllu leyti á kostnað bæjar- eða sveitarfélagsins.

Verði ágreiningur um skipting kostnaðar af rottueyðingu samkvæmt ákvæðum laga þessara á milli hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, úrskurðar ráðherra, hvernig honum skuli skipta, og þá ekki eingöngu með tilliti til fólksfjölda hinna einstöku bæjar- eða sveitarfélaga, heldur einnig með tilliti til þess, hver skilyrði eru til tímgunar rottu á hverjum stað og hvert tjón má ætla, að íbúunum sé búið af rottugangi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 27 12. febrúar 1945, um eyðing á rottum.

Greinargerð.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd barst bréf frá hæstv. heilbrigðismálaráðh., móttakið 26. apríl 1949, ásamt meðfylgjandi frumvarpi um eyðing rottu, og mæltist ráðh. til, að nefndin flytti frv. Nefndin var sammála um að flytja frv. Einn nefndarmanna (HB) var fjarstaddur. Frv. þetta er samið af landlækni, og er það flutt hér óbreytt, en því fylgdi svolátandi greinargerð:

Lögum nr. 27 12. febrúar 1945, um eyðing á rottum, hefur ekki reynzt unnt að halda uppi, enda eru þau að ýmsu leyti gölluð. Er sá galli laganna tilfinnanlegastur, að þau veita alls ekkert aðhald um nægilegan undirbúning og fullkomna skipun kostnaðarsamra rottueyðingaraðgerða til tryggingar hinum fyllsta árangri þeirra. Þannig er ekkert ýtt undir það, sem hvarvetna er höfuðatriði baráttunnar gegn rottugangi, að hindrað sé, svo sem unnt er, að rottan komist í sorp og annað æti og eigi sér þar blómlegar tímgunarstöðvar, né heldur gætir skilnings á því, hverju varðar að gera hífýli manna og önnur húsakynni sem allra bezt rottuheld. Þá er og ekki séð fyrir því, að samliggjandi byggðarlög samræmi rottueyðingaraðgerðir sínar, en víða hagar svo til, að án slíkrar samvinnu hljóta rottueyðingaraðgerðir hvers einstaks byggðarlags að verða kák eitt. Ef lög þessi, sem ná til alls landsins, yrðu almennt framkvæmd, mundi kostnaðurinn verða gífurlegur, bæði fyrir bæjar- og sveitarfélögin og ríkissjóð, en tryggingin fyrir árangri aðgerðanna alls fjarri því að vera samsvarandi.

Í frumvarpi þessu er minna um beinar fyrirskipanir til bæjar- og sveitarfélaga varðandi rottueyðing en í gildandi lögum, en hins vegar er stefnt að því með fyrirheiti um ríflegan ríkissjóðsstyrk til meiri háttar rottueyðingaraðgerða, að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum, sem öll miða að því að tryggja sem beztan árangur aðgerðanna, að hvetja bæjar- og sveitarfélögin í landinu til viðnáms og virkrar baráttu gegn rottuþágunni.